



Hafnafjarðarbær
Bt. Bjarki Jóhannesson
Ráðhús Hafnafjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnafjörður

Kópavogi, 7. apríl 2014

Efni: Varðandi kynningu á aðalskipulagi Hafnafjarðarbæjar 2013-2025

Samkvæmt greinagerð Aðalskipulagi Hafnafjarðar 2013-2025 dags. 17.1.2014 er núverandi vatnsból Hafnafjarðar í Kaldárbotnum og þaðan liggur aðfærsluæð til bæjarins. Núverandi aðveituæð er frá árinu 1950 sem fullnægir enn vatnspörf bæjarins samkvæmt greinagerð. Fram kemur í greinagerðinni að til að mæta aukinni vatnspörf er stefnt að nýju vatnsbóli í Fagradal, sem er í lögsagnarumdæmi Grindavíkur.

Samkvæmt Greinagerð um heildarendurskoðun stýrihópar um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá Verkfræðistofunni Vatnaskil, drög dags. 3.2014, kemur fram að aflað var gagna hjá viðkomandi sveitarfélagi varðandi viðmiðunarvinnslu fyrir hvert vatnsból þar sem vatnsvinnsla til viðmiðunar hjá Hafnafirði er gefin upp sem 400 l/s í Fagradal, 300 l/s í Mygludal og 700 l/s í Kaldárbotnum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er gert ráð fyrir aukningu frá 180 l/s í 1400 l/s í heildarvatnsvinnslu Hafnafjarðar úr ofangreindum vatnstökusvæðum.

Í greinagerð Aðalskipulags Hafnafjarðar 2013 dags. 17.1.2014 kemur fram að stefnt sé að nýju vatnsbóli í Fagradal en áætlað vatnstökumagn í Fagradal er ekki gefið upp. Ekki koma fram áætlanir um aukningu á vatnstöku í Kaldárbotnum í greinagerð né fylgiritum. Á þeim forsendum gerir Kópavogsbær ekki athugasemd við aðalskipulag Hafnafjarðarbæjar 2013-2025 sem nú er í auglýsingu en áskilur sér rétt að gera athugasemdir síðar ef viðmiðunarvinnsla fyrir vatnsból Hafnafjarðar samkvæmt Greinagerð um heildarendurskoðun stýrihópar um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá Verkfræðistofunni Vatnaskil drög dags. 3.2014, tafla 3, bls 26, reynist vera á rökum reist og hafi Hafnafjarðarbær áætlanir um að auka við vatnsvinnslu Hafnafjarðarbæjar umfram 180 l/s sem hún er í dag.

Virðingarfyllst,

Birgir H. Sigurðsson
Skipulagsstjóri